



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Ársskýrsla 2024



Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari
Kvennaskólinn í Reykjavík

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur	2
Almenn starfsemi	2
Kjarnastarfsemi	2
Skólastarfið og ýmis verkefni	2
Starfsþróun.....	3
Erlent samstarf	5
Árangur af markmiðssetningu í þriggja ára áætlun stofnana	6
Kjarnastarfsemi skólans – markmið	6
Rekstrarþættir – markmið	7
Tölulegar upplýsingar	8
Umsóknir grunnskólanemenda á stúdentsbrautir haustönn 2024	8
Innritun nýnema 2024	8
Skipting nemenda á námsbrautir	8
Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni	8
Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum.....	8
Útskriftarhlutfall á stúdentsbrautum	8
Skólanefnd.....	9
Starfsfólk	9
Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2024	9
Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki	10
Yfirstjórn skólans	10
Skipurit	10
Kynjaskipting starfsfólks	10
Fjármál.....	11

Inngangur

Í fyrirbyggjandi ársskýrslu er fjallað um kjarnastarfsemi Kvennaskólans í Reykjavík, farið yfir helstu þætti í almennri starfsemi skólans árið 2024 og ýmsar tölulegar upplýsingar birtar auk ársreiknings. Einnig er farið yfir markmiðssetningu í stefnumiðaðri áætlun stofnunarinnar og stöðu árangursmælikvarða.

Almenn starfsemi

Kjarnastarfsemi

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður nám á fjórum námsbrautum; félagsvísindabraut, íslenskubraut, náttúruvísindabraut og starfsbraut.

Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Náms tími á félagsvísindabraut og náttúruvísindabraut er sveigjanlegur, 3-4 ár, en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi af þeim brautum á þremur árum. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi af félagsvísindabraut og náttúruvísindabraut hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri, þ.e. lokaeinkunn hvers áfanga verður að vera 5 eða hærri og aðaleinkunn, vegið meðaltal allra lokaeinkunna, verður að vera 5,0 eða hærri. Þó er heimilt að ljúka tveimur áföngum með lokaeinkunninni 4 í lokaáfanga greinar. Hluti valáfanga hverrar brautar er 43 einingar. Starfsbrautin er fjögurra ára nám og er námið ætlað nemendum sem þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám er mætir færni þeirra. Íslenskubrautin er ætluð nemendum af erlendum uppruna á framhaldsskólaaldri og er tveggja ára nám með megináherslu á íslenskukennslu á 1. og 2. þrepi. Starfsbraut Kvennaskólans tók til starfa haustið 2023 og íslenskubraut haustið 2024. Vinna við ritun námsbrautanna, íslenskubrautar og starfsbrautar, er í gangi.

Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám og störf. Gildi skólans eru *umhyggja, ábyrgð og fjölbreytileiki*.

Skólastarfið og ýmis verkefni

Starfsemi skólans var með hefðbundnum hætti árið 2024. Fyrir haustönnuna var þó sett á laggirnar ný braut við skólann, íslenskubraut, en mennta- og barnamálaráðuneytið fór þess á leit við skólann að opna slíka braut. 15 nemendur voru innritaðir á brautina og ráðinn var deildarstjóri í fullt starf og kennari í hlutastarf. Fyrirhugað er að 15 nemendur verði á hvoru ári á íslenskubraut, samtals 30 nemendur.

Áframhaldandi samstarf við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var tryggt og starfar hjúkrunarfræðingur fyrir skólann í 20% starfshlutfalli.

Kvennaskólinn er einn af samstarfsskólum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara. Samstarfsskólar sjá um vettvangsnám kennaranema sem er 10 ECTS einingar. Að venju var skólinn með kennaranema sem sóttu vikulega fundi, kynntust fjölbreyttum þáttum í starfsemi skólans, aðstoðuðu við kennslu og fengu æfingu í að kenna undir handleiðslu leiðsagnarkennara við skólann.

Í janúar fékk skólinn viðurkenningu fyrir að hafa tekið fyrsta skrefið í Grænum skrefum ríkisstofnana og í júní fyrir annað skrefið.

Skólinn varð í fjórða sæti í flokki meðalstórra stofnana í Stofnun ársins 2023 og var því ein af fyrirmyndarstofnunum ríkisins. Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Mannauðs- og starfsumhverfissviðs borgarinnar og fjölmargra stofnana og starfsstaða.

Skólinn fagnaði 150 ára afmæli þann 1. október. Dagskrá var í porti Miðbæjarskólans þar sem Ásmundur Einar Daðason mennta og barnamálaráðherra, Diljá Ámundadóttir Zoega varaformaður skólanefndar og Logi Hjörvarsson forseti Keðjunnar fluttu ávarp. Hera Sjöfn Atladóttir, nemandi við skólann, flutti lagið *Heyr mína bæn*. Foreldraráð skólans bauð upp á kökur og var opið hús í skólanum fram eftir degi. Einnig var opnuð sýning á munum tengdum sögu skólans.

Í desember var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu vegna barna í viðkvæmri stöðu. Um er að ræða samstarfsverkefni framhaldsskóla í Reykjavík, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, skóla- og frístundapjónustu og deild barna og fjölskyldna á miðstöðvum Reykjavíkurborgarar og Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur til að stuðla að farsæld fyrir börn í viðkvæmri stöðu.

Foreldrafélagið bauð nemendum skólans upp á fræðslu í tvígang. Annars vegar var um að ræða fræðslu fyrir alla nemendur á 2. ári og fjallaði þá Þorgrímur Þráinsson um mikilvægi sjálfstrausts og áskoranir sem ungt fólk glímir við. Hins vegar var Ingveldur Gröndal með erindi fyrir nemendur á 1. ári um hugarfarsbreytingar, kvíða, trú á eigin getu, þægindarammann, feimni og leiðtogafærni.

Félagslíf nemenda var að vanda blómlegt. Sem dæmi um hefðbundna þætti í félagslífi nemenda má nefna nýnemaferð, peysufatadag hjá nemendum í 2. bekk, dimmisjón útskriftarnema, þátttöku í Gettu betur og MORFÍS, Tjarnardaga og söngkeppnina Rymju auk hinna ýmsu smærri viðburða. Á Tjarnardögum stóðu nemendur fyrir góðgerðarsöfnun með því að safna áheitum. Nemendur styrktu *Bergið Headspace*, *Sjúka ást* og *Hinsegin félagsmiðstöð*. Fúría, leikfélag skólans, setti að þessu sinni upp söngleikinn Lígallí Blonde í Gamla Bíói undir leikstjórn Hreindísar Ylfu Garðarsdóttur en Katrín Vignisdóttir sá um dans- og sviðshreyfingar. Kvennaskólinn var sigurvegari í keppninni Mannréttindaskóli ársins en nemendur söfnuðu flestum undirskriftum í herferðinni *Þitt nafn bjargar lífi* sem Íslandsdeild Amnesty International stendur fyrir.

Hefð er fyrir því að nemendur skólans fari einu sinni á ári í leikhús og að þessu sinni varð sýningin *Eitruð lítill pílla* í Borgarleikhúsinu fyrir valinu.

Starfsþróun

Tvisvar á ári er skipulögð fræðsludagskrá, svokölluð húsþing, fyrir allt starfsfólk skólans. Þar að auki tók skólinn þátt í skólaþróunardegi framhaldsskólanna 1. mars.

Hér má sjá dagskrá húsþinga á vor- og haustönn 2024:

Húsping vorannar 2024:

Húsping Kvennaskólans – þriðjudaginn 20. febrúar

Kl. 12:30 – 13:10 Inngangserindi í stofu M19: Kolfinna Jóhannesdóttir

Umræðuhópar (þjóðfundarfyrikomulag). Tilgangur og markmið er að ræða framtíðarsýn og lykiláherslur okkar hér í Kvenno.

Hver hópur er 30 mín og svo er farið á milli hópa.

Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4
Kl. 13:20-13:50 (M23) Kl. 14:00-14:30 (M24) Kaffihlé 14:30-14:50 Kl. 14:50-15:10 (M27) Kl. 15:20-15:50 (M28)	Kl. 13:20-13:50 (M24) Kl. 14:00-14:30 (M27) Kaffihlé 14:30-14:50 Kl. 14:50-15:10 (M28) Kl. 15:20-15:50 (M23)	Kl. 13:20-13:50 (M27) Kl. 14:00-14:30 (M28) Kaffihlé 14:30-14:50 Kl. 14:50-15:10 (M23) Kl. 15:20-15:50 (M24)	Kl. 13:20-13:50 (M28) Kl. 14:00-14:30 (M23) Kaffihlé 14:30-14:50 Kl. 14:50-15:10 (M24) Kl. 15:20-15:50 (M27)

Stöðvar:

M23 – Námsmat og kennsluhættir (Ester Bergsveinsdóttir, hópstjóri)

M24 – Námsbrautir og námsframboð (Elínborg Ragnarsdóttir, hópstjóri)

M27 – Stefna um inntöku nemenda og stoðþjónusta (Þórður Kristinsson, hópstjóri)

M28 – Húsnæði, tæki og búnaður (Haraldur Gunnarsson, hópstjóri)

Námsmat og kennsluhættir M23: Ester hópstjóri	Námsbrautir og námsframboð M24: Elínborg hópstjóri	Stefna um inntöku nemenda og stoðþjónusta M27: Þórður hópstjóri	Húsnæði, tæki og búnaður M28: Haraldur hópstjóri
Spurningar: Stefna skólans um námsmat? Hjá okkur er þetta skráð: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsmat-og-namsframvinda/namsmat Hvernig útskýrum við „Fjölbreytt námsmat“ getum við skilgreint hvað lokaprófsáfangi og símatáfangi er? VMA hefur t.d. sett á heimasíðu skólans námsmatsreglur: https://www.vma.is/is/skolinum-vmma/skolareglur/namsmat-sreglur þar sem búið er að skilgreina hvað símat- og lokaprófsáfangar fela í sér. Stefna skólans um kennsluhætti? Við erum ekki með stefnu. Getum við útskýrt með orðum áherslur okkar? Hófum við sameiginlega sýn? Að hverju eigum við að stefna?	Spurningar: Uppbygging námsbrauta, framtíðarsýn. Námsbrautir okkar, félags- og náttúruvísindabraut og starfsbraut: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/namsbrautir-1/namsbrautir Lokamarkmið náms á f og n-braut: https://www.kvenno.is/is/nam-kennsla/veftre/lokamarkmid-nams-vid-skolann Hvaða framtíðarsýn höfum við varðandi námsbrautirnar okkar? Hvernig getum við komið betur til móts við nemendur af erlendum uppruna? Íslensku braut fyrir útlendinga? sbr. braut í Tækniskólanum, https://tskoli.is/namsbraut/islenskubraut/	Spurningar: Breytt verklag við innritun? Núverandi verklagsreglur: https://www.kvenno.is/is/foreldrar/innritun/verklagsreglur-vid-inntoku-nynema Bjóða uppá íslensku sem annað mál í stað íslensku-áfanga á bóknámsbrautum og líta þá ekki til einkunnar í íslensku úr 10. bekk. Frekar einsleitir hópur nemenda í skólanum, getum við aukið fjölbreytnina? Stoðþjónusta og sérúrræði í námi. Framtíðarsýn. Hvernig getum við eftir seiglu, ábyrgð og velliðan nemenda?	Spurningar: Hvað á heima hvar? Við erum í þremur húsum, eigum við og/eða getum við breytt nýtingu á rýmum í skólanum? Er hægt að færa til og/eða breyta Hver er okkar framtíðarsýn varðandi umhverfismál og tæknipróun? Pappírslaus skóli? Hér má sjá umhverfis- og loftlagsstefnu stefnu skólans: https://www.kvenno.is/is/skolinn/stefnur-og-aaetlanir-1/stefnur/umhverfis-og-loftlagsstefna-kvennaskolans Hvaða búnað/tæki þurfum við? Hvaða stefnu eigum við að setja okkur varðandi gervigreind? Sjá upplýsingasíðu HÍ um gervigreind: https://gervigreind.hi.is/

Húsping haustannar 2024:

Húsping Kvennaskólans – föstudaginn 18. október 2024

Kl. 13:20 – 14:10 **Sameinuðu þjóðirnar, hnattræn borgaravitund og menntun í síbreytilegum heimi**

Vala Karen Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri Félags Sameinuðu þjóðanna
Pétur Hjörvar Þorkelsson, verkefnastjóri kynningar- og fræðslumála hjá Félagi Sameinuðu þjóðanna

Kl. 14:10 – 14:30 **Kaffihlé**

Velja eina málstofu úr fyrri hluta og aðra úr seinni hluta

Málstofur I: 14:30-15:10

Erasmus+ (M23) Ágústa Björg og Alexandra Viðar Ágústa kynnir Erasmus+ og tækifærin sem felast í þátttöku okkar í verkefninu. Alexandra segir frá heimsókn í Vírum gymnasium (job shadowing).	Book Creator (M24) Jóhanna Björk og Margrét Helga Kynning á hvernig appið Book Creator (https://bookcreator.com/) er notað í áfanganum FRAN2PA05 (Parísaráfanginn)	Kanntu að lesa launaseðilinn þinn? (M27) Guðný Rún Málstofa fyrir öll sem vilja vita meira um launaseðla, læra að lesa þá og þekkja þá þætti sem eru mikilvægastir fyrir okkur öll að hafa á hreinu.
--	---	--

Málstofur II: 15:20-16:00

Ungt fólk og samfélagið (M23) Embla María Kvenskælingur og forseti SÍF Framhald af umræðu í þættinum Torgið á RÚV þar sem umræðuefnið var, liðan ungs fólks, samfélagið sem þeim hefur verið búið og leiðir til að bæta það. Þessi málstofa er hugsuð sem umræðuhópur.	Gervigreind (M24) Sigurður Einar Málstofa um gervigreind, með áherslu á aukna notkun nemenda og viðbrögð við því. Gagnlegt efni að skoða er upplýsingasíða HÍ um gervigreind: https://gervigreind.hi.is/	Skrifstofujóga (M27) Íris Thorlacius Stuttur jóga tími þar sem farið er yfir æfingar sem hægt er að iðka standandi eða sitjandi. Íris kennir teygju-, liðleika- og öndunaræfingar sem hjálpa þér að slaka á inn í daginn.
--	---	---

Árið 2024 var að auki:

- Kynningarfyrirlestur um nýja námsbraut skólans. Katarzyna Rabeda, deildarstjóri íslenskubrautar kynnti áherslur og uppbyggingu námsbrautarinnar.
- Kynning á upplýsingavefnum www.m.is en markmið vefsins er að gera orðabækur og upplýsingar um íslenska tungu aðgengilegri. Starkaður Barkarson starfsmaður Árnastofnunar og kennari á íslenskubraut skólans kynnti.
- Fræðsluerindi um notkun þrívíddarprentara í kennslu. Eðvarð Arnór Sigurðsson tæknileiðtogi í framtíðarstofu Tækniskólans flutti erindi um gagnsemi og notkunarmöguleika í þrívíddarprentun.
- Fræðsluerindi um málþroskaröskun sem Signý Gunnarsdóttir talmeinafræðingur hélt.

Erlent samstarf

Kvennaskólinn í Reykjavík er með Erasmus+ vottun. Verkefnastjóri erlendra samskipta sótti meðal annars námskeið um inngildingu og hélt kynningu fyrir starfsfólk á húspingi um inngildingu, Erasmus+ verkefni og tækifærin sem gefast. Áherslur skólans í Erasmus+ áætluninni eru:

- Auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og nýtingu nýrrar tækni
- Efla lykilfærni í samskiptum, menningarlausni og tungumálafærni
- Efla stoðþjónustu og jafningjastuðning við nemendur sem þurfa stuðning í námi
- Auka skuldbindingu nemenda til eigin náms
- Efla nemendalýðræði í skólastarfi

Í lok ágúst var kennari frá Grikklandi í starfsspeglun við skólann í nokkra daga. Í apríl heimsóttu tveir stærðfræðikennarar Virum Gymnasium framhaldsskólann í Kaupmannahöfn og voru þar í starfsspeglun í nokkra daga. Skólinn fór í gegnum endurskoðun frá landssamtökunum RANNÍS í desember og hafði verkefnastjóri erlendra samskipta veg og vanda að því.

Í mars kom hópur nemenda og kennara í heimsókn frá franska menntaskólanum Institution Robin. Ekki var um nemendaskiptaverkefni að ræða en frönskudeild skólans hefur átt í góðu samstarfi við franska skólann.

Að auki má nefna að við skólann eru kenndir borgarafangar og fóru hópar nemenda á haustönn með kennurum til Berlínar og Parísar.

Árangur af markmiðssetningu í þriggja ára áætlun stofnana

Í [stefnumiðaðri áætlun fyrir tímabilið 2024-2026](#) voru sett fram eftirfarandi tvö markmið í kjarnastarfsemi skólans:

Kjarnastarfsemi skólans – markmið

1. **Auka gæði náms og kennslu.** Mælikvarðar voru a) líðan nemenda í skólanum, b) þátttaka í kennslu- og áfangamati og c) áfangaframboð í kjarna og vali.
 - a) *Líðan nemenda í skólanum*
 - Viðmið 2024: 90% nýnema líður vel í skólanum og 88% nemenda telja sig vera hluta af tilteknum hópi í skólanum.
 - Staðan 2024: 90,5% nýnema á haustönn 2024 líður vel í skólanum og 91,6% nemenda telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum, könnun lögð fyrir nýnema í október 2024.
 - b) *Þátttaka í kennslu- og áfangamati*
 - Viðmið árið 2024: 79% svarhlutfall eða hærra.
 - Staðan vorið 2024: 68,9% svarhlutfall og á haustönn 2024 var svarhlutfallið 79,6%.
 - c) *Áfangaframboð í kjarna og vali*
 - Viðmið árið 2024: 88% nemenda ánægð með námsframboð í kjarna mjög eða frekar gott og 85% telja námsframboð valáfanga mjög eða frekar gott.
 - Staðan á vorönn 2023: Mælt í nemendakönnun: 87% nemenda telja námsframboð í kjarnaáföngum mjög eða frekar gott og 83% telja námsframboð á valáföngum mjög eða frekar gott.
 - Staðan á vorönn 2025: Mælt í nemendakönnun: 87% nemenda telja námsframboð í kjarnaáföngum mjög eða frekar gott og 84% telja námsframboð á valáföngum mjög eða frekar gott.
2. **Auka ábyrgð nemenda á eigin námi.** Mælikvarðar voru a) skólasókn, b) nemendur telja sig læra færni sem er mikils virði, c) nemendur hafa áhuga á því sem þeir læra í skólanum, d) vinnufriður í kennslustundum.
 - a) *Skólasókn*
 - Viðmið fyrir árið 2024 var að 60% nemenda væru með 96-100% skólasókn þegar búið er að taka tillit til veikinda og leyfa.

- Staðan á vorönn 2024: 77% nemenda með 96-100% skólasókn þegar tekið hefur verið tillit til veikinda og leyfa.
- Staðan á haustönn 2024: 82,8% nemenda með 96-100% skólasókn þegar tekið hefur verið tillit til veikinda og leyfa.

b) *Nemendur telja sig læra færni sem er mikils virði*

- Viðmið árið 2024: 83% nemenda mjög eða frekar sammála því að þeir læri færni sem þeim er mikils virði í skólanum.
- Staðan á haustönn 2023: 81% nemenda mjög eða frekar sammála því að þeir læri færni sem þeim er mikils virði í skólanum (nemendakönnun apríl 2023).
- Staðan á vorönn 2025: 91% nemenda mjög eða frekar sammála því að þeir læri færni sem þeim er mikils virði í skólanum (nemendakönnun mars 2025).

c) *Nemendur hafa áhuga á því sem þeir læra í skólanum*

- Viðmið árið 2024: 60% nemenda í nemendakönnun svara „alltaf eða oftast nær“.
- Staðan á haustönn 2023: 57% nemenda í nemendakönnun segja alltaf eða oftast nær.
- Staðan á vorönn 2025: 86% nemenda í nemendakönnun eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: *Ég hef áhuga á því sem ég læri í skólanum.*

d) *Vinnufriður í kennslustundum*

- Viðmið árið 2024: 78% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum.
- Staðan á vorönn 2024: 79% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum.
- Staðan á haustönn 2024: 82% nemenda telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum.

Rekstrarþættir – markmið

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram eftirfarandi tvö markmið:

1. *Aukin starfsánægja*

Mælikvarðar er starfsánægjukönnun (Stofnun ársins).

- Viðmið árið 2024: Heildareinkunn = 4,4, starfsandi = 4,6, vinnuskilyrði = 3,9 og sveigjanleiki = 3,7.
- Staðan 2024: Heildareinkunn = 4,32, starfsandi = 4,56, vinnuskilyrði = 3,85 og sveigjanleiki = 3,61.

Verkefni/aðgerðir sem tengjast þessu markmiði voru að leggja áherslu á:

- gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk
- forgangsörðun viðhaldsframkvæmda sem lúta að bættum vinnuskilyrðum
- skapa skilyrði fyrir aukinn sveigjanleika og samþættingu við fjölskyldulíf

2. *Draga úr umhverfisáhrifum*

Mælikvarði er þátttaka í Grænum skrefum ríkisstofnana.

- Viðmið árið 2024: Ljúka skrefi nr. 2
- Staðan árið 2024: Skrefi nr. 2 lokið í júní 2024.

Tölulegar upplýsingar

Umsóknir grunnskólanemenda á stúdentsbrautir haustönn 2024

Braut	1. val	2. val
Félagsvísindabraut	127	316
Náttúruvísindabraut	177	237

Innritun nýnema 2024

Karlar	Konur	Kynsegin	Samtals
53	181	0	233 (þar af 4 kvk og 4 kk á efri ár)

Skipting nemenda á námsbrautir

Námsbraut	Vor 2024				Haust 2024			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	100	101	73	2	76	99	104	4
Íslenskubraut					15			
Náttúruvísindabraut	123	117	114	1	134	111	113	4
Starfsbraut	9				6	7		
Nemendafjöldi samtals	640				673			

Skipting nemenda á námsbrautir eftir kyni

Námsbraut	Vor 2024			Haust 2024		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	57	219	0	54	229	0
Íslenskubraut						
Náttúruvísindabraut	115	240	0	109	253	0
Starfsbraut	7	2	0	7	6	0

Fjöldi brautskráðra stúdenta eftir brautum

Námsbraut	Vor 2024	Haust 2024
Félagsvísindabraut	70	2
Náttúruvísindabraut	113	1
Alls	183	3

Útskriftarhlutfall á stúdentsbrautum

Eitt af markmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann á stúdentsbrautir nái að brautskrást á þremur árum. Alltaf er þó gert ráð fyrir að hluti nemenda velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka 200 eininga stúdentsprófi. 201 nemandi hóf nám á stúdentsbrautum haustið 2021. 191 nemandi hóf nám í 3. bekk á stúdentsbrautum haustið 2023. 183 nemendur útskrifuðust að vori 2024 og luku 182 af þeim stúdentsprófi á þremur árum. Af þeim sem hófu nám í 3. bekk haustið 2023 luku því 95,3% námi til stúdentsprófs á þremur árum.

Skólanefnd

Skólanefnd var skipuð 9. október 2024. Nefndina skipa:

Aðalmenn:

- Stefán Hilmarsson
- Sýlvía B. Gústafsdóttir
- Pétur Hjörvar Þorkelsson
- Diljá Ámundadóttir Zoega
- Sandra Hlíf Ocares

Varamenn:

- Brynja Björk Magnúsdóttir
- Stefán Pálsson
- Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir

Áheyrnafulltrúar:

- Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir, áheyrnafulltrúi kennara á vorönn 2024
- Embla María Möller Atladóttir, áheyrnafulltrúi nemenda á vorönn 2024
- Valgerður S. Kristjánsdóttir, áheyrnafulltrúi kennara á haustönn 2024
- Logi Hjörvarsson, áheyrnafulltrúi nemenda á haustönn 2024
- Birna Ragnheiðardóttir Ímsland, áheyrnafulltrúi foreldra

Starfsfólk

Upplýsingar um starfsfólk, starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2024

Starfsheiti	Karlarnir		Konur		Fjöldi samtals	Stöðugildi samtals
	Fjöldi	Stöðu-gildi	Fjöldi	Stöðu-gildi		
Aðstoðarskólameistari			1	1,00	1	1,00
Áfangastjóri			1	1,00	1	1,00
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	1,00	1	1,00
Framhaldsskólakennari	18	16,38	43	40,39	61	56,77
Leiðbeinandi			1	0,52	1	0,52
Matreiðslumeistari	1	1,00			1	1,00
Náms- og starfsráðgjafi			2	1,50	2	1,50
Skjala- og þjónustustjóri			1	1,00	1	1,00
Skólameistari			1	1,00	1	1,00
Umsjónarmaður fasteigna	1	1,00			1	1,00
Þjónustuliði mötuneyti			2	1,70	2	1,70
Þjónustuliði ræstingu	2	1,50	3	2,30	5	3,80
Samtals	22	19,88	56	51,41	78	71,29


Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðru starfsfólki

- Stjórnendur 4,0
- Kennarar og leiðbeinendur 57,29
- Annað starfsfólk 10,0

Yfirstjórn skólans

- Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari
- Ásdís Arnalds, aðstoðarskólameistari
- Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri
- Björk Þorgeirsdóttir, áfangastjóri

Skipurit



Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 56 eða 71,2%
- Karlar 22 eða 28,2%

Starfsaldur kennara er 16,3 ár að jafnaði, meðallífdur kennara er 49,9 ár.

Fjármál

Á árinu 2024 var ársveltan 1.213,4 m.kr. og afkoma neikvæð um 24,1 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign neikvæð sem nemur 69 m.kr. í árslok en eignir samtals 70,4 m.kr. Útgjaldarammi ársins samkvæmt fjárlögum var 1.101,3 m.kr. en þar af voru sértekjur áætlaðar 89,5 m.kr. sem skólanum var ætlað að innheimta. Til greiðslu úr ríkissjóði voru 1.011,8 m.kr. Þar af var gert ráð fyrir 31,4 m.kr. framlagi til fjárfestinga, notaðar voru 11,4 m.kr. á árinu og 20 m.kr. af fjárfestingaframlagi flutt til reksturs. Um 40% fjárfestingarframlagsins var notaður til endurnýjunar á tölvubúnaði og kennslutækjum. Það sem eftir stóð af framlaginu var nýtt til endurnýjunar á búnaði starfsfólks og ræstingabúnaði.